


KÓRESKI FÁNINN OG TAEKWONDO

Hver eru tengsl Tae Kwon Do við Kóreska fánann?



*Taekwondo útskýrt í sögubókinni **Koryo**.*

RITGERÐ FYRIR RAUÐA BELTIÐ, 4. GEUP, Í TAEKWONDO, APRÍL 2002

Félag: Taekwondo deild Fjölnis, Dojang Dreki
Höfundur ritgerðar: Írunn Ketilsdóttir, 4. geup.
Yfirþjálfari: Sigursteinn Snorrason, 3. dan.

EFNISYFIRLIT

Formáli	3
Hvað er fáni?.....	4
Hvað er taekwondo?	4
Uppruni kóreska fánans.....	5
Merking kóreska fánans	5
Jang og jin; <i>hringur í miðju fánans</i>	6
Alheimsáttirnar fjórar, <i>þrílinumynstur í hornum fánans</i>	7
Víxlverkun.....	8
<i>Tae-guk</i> formin í taekwondo	8
Heimspékileg merking beltakerfisins „ti”	8
Æfingarstaður eða „dojang”	9
Hvítur bakgrunnur fánans.....	9
Kennifræðin þrenn.....	10
Konfúsíusarhyggja	10
Taosið Taó, <i>hin ómeðvitaða þekking</i>	10
Búddasiður.....	10
Notkun þjóðarfánanna í Taekwondo.....	11
Niðurlag.....	12
Heimildaskrá.....	13

FORMÁLI

Allir iðkendur taekwondo í Fjölni, Dojang Dreka, sem standa frammi fyrir því að taka rauða beltið (4. geup) verða að skrifa ritgerð í tengslum við taekwondo. Markmið yfirþjálfara deildarinnar er að sjá og geta metið hversu vel viðkomandi próftaki/iðkandi er að sér í fræðum tengdum taekwondo. Einnig þurfa iðkendur sem hafa áhuga á að fá rauðabeltið að sýna ákveðna þekkingu í fræðum sem tengjast íþróttinni. Hver er hugsun viðkomandi próftaka?

Ritgerðarefni í þessu tilfelli var frjálst og kaus höfundur að skrifa um tengsl suður kóreska fánans við sjálfsvarnar- og bardagaíþróttina taekwondo.

Ritgerð þessi er að mestu byggð á rituðum heimildum og gögnum á veraldarvefnum.

Uppruni taekwondo er frá Kóreu og er íþróttin að hluta til byggð á táknum og merkingu þjóðarfána SKóreu. Merking fánans er útskýrð sem og tengsl táknaða við taekwondo. Hvers vegna er borin virðing fyrir fánanum og hvenær er fáninn notaður? Hver er merking fánans? Hver eru tengslin milli taekwondo og fánans?

HVAÐ ER FÁNI?

Hver þjóð hefur sinn fána sem hver hefur ákveðna merkingu og fá eflaust flestir þjóðernistilfinningu þegar fáni eigin þjóðar er fyrir augum. Ákveðnar reglur gilda um fána hverrar þjóðar sem ber að virða hverju sinni sem þeir eru notaðir. Einnig eru lögskipaðir fánadagar í hverju landi og skal meðhöndla fána eftir ákveðnum reglum sem og hvernig draga á fána á fánastöng og við geymslu. Fáni er dreginn upp við ýmis tilefni, t.d. á þjóðhátíðardegi, á páskadag og föstudaginn langa, vegna andláts þekktis þjóðfélagsþegns eða þegar margar þjóðir eru samankomnar á t.d. ráðstefnu eða vegna íþróttaatburðar.

Merking kóreska fánans er mun flóknari og dýpri en merking íslenska fánans. Þó er íslenski fáninn hluti af skjaldamerki Íslands sem er fyrir miðju á fána forseta Íslands og hefur gamla og sérstaka merkingu. Skjaldamerki Íslands, landvættarmerkið síðara,¹ er skjaldamerki lýðveldisins Íslands². Skjaldamerkið er skjöldur sem hvílir á hraunhelli og á er markaður íslenski fáninn. Skjaldberar eru landvættirnar fjórar³ sem umkringja íslenska fánann. Skjaldamerkið er umkringt veru sem er yfirmáttúruleg og á að vernda land og þjóð. Merking þessi er lítt þekkt meðal Íslendinga en á sína sögu sem vert er að varðveita og virða. Flestir Íslendingar vita að merkingu íslenska fánans má rekja til náttúru landsins og sérstöðu þess, t.d. er Vatnajökull⁴ stærsti jökull í Evrópu. Litir fánans eru þrír þar sem rauður merkir eldfjöll, hvítur jöklana og blár vötnin og hafið sem umlykur þessa litlu „einangruðu“ eyju í Atlantshafinu. Mynstur fánans er kross sem rekja má til trúarbragða flestra Íslendinga frá upphafi.

Einnig eru til fánar sem standa fyrir ýmsum samtökum eða ráðum, t.d. fáni Sameinuðu þjóðanna, fáni Rauða krossins, fáni Evrópubandalagsins og fáni Ólympíuleikanna. Allir þessir fánar hafa einnig merkingu í samræmi við starf samtakanna sem það stendur fyrir. Fáni Ólympíuleikanna rekur uppruna sinn til ársins 1906 og tákna hringirnir fimm frið í heimsálfunum fimm og var fyrst notaður á Ólympíuleikunum 1920.⁵

Lögun og merking þjóðarfána geta og hafa breyst vegna t.d. byltinga eða mótmæla. Í Rúmeníu og Ungverjalandi klipptu þjóðfélagsþegnar tákn kommúnista, *hamar og sigð*, úr þjóðarfáninum sínum til marks um óánægju með leiðtoga og bágborinn efnahag landanna. Árið 1989 tók þjóðarfáni Rúmeníu á sig nýja mynd þegar *Ceausescu* var tekinn af lífi og leiðtogar þjóðarráðsins, fyrrum kommúnistar, tóku völdin. Í söfnum og sögu þjóðarinnar má sjá gamla fánann með gati þar sem tákn kommúnismans hefur verið klippt úr fánanum.⁶ Svipaða sögu hafa Ungverjar að segja.

HVAÐ ER TAEKWONDO?

Taekwondo rekur uppruna sinn til Kóreu og hefur þróast í 20 aldir í þá mynd sem hún er í dag. Nafnið taekwondo hefur þróast á þessum tíma og merkir vegur handa og fóta, tae merkir að stökkva, brjóta eða sparka með fætinum, kwon merkir að kýla, brjóta eða verja með hendinni og do þýðir vegur eða lífstíll. Skipta má taekwondo í fjóra hluti, þ.e. form, bardaga, sjálfsvörn og brottækni. Með iðkun taekwondo er hægt að öðlast færni á líkamlegu og andlegu sviði sem og alhliða jafnvægi. Í raun má segja að með iðkun íþróttarinnar er hugur og líkami þjálfaðir sem vopn í daglegu lífi eða vörn gegn hvaða atburðum sem viðkomandi kemur til að standa frammi fyrir. Heimsþekileg hugmynd íþróttarinnar er að viðkomandi færir úr „innhverfri“ hugsun í þá hugsun að vera „úthverfur“.⁷

¹ Síðara skjaldamerki Íslands frá 1944, lýðveldi Íslands.

² Samkv. forsetaúrskurði 17 júní 1944, íslenska Alfræðiorðabókin, bls. 237.

³ Fugl, dreki, griðungur og bergrisi. Frá 1918 hefur skjaldamerki Íslands kringt landvættum.

⁴ 8400 ferkílómetrar.


⁵ Íslenska Alfræðiorðabókin, I bindi bls. 388.

⁶ Íslenska Alfræðiorðabókin, III bindi bls. 132.

⁷ <http://www.geocities.com>

UPPRUNI KÓRESKA FÁNANS

Japanir komust til áhrifa í Kóreu árin 1894-95 og var landið innlimað í Japan árið 1910. Sovétmenn hernámu norðurhluta Kóreu 1945 en Banadrikjamenn suðurhlutann. Ekki tókst að koma Kóreu undir eina stjórn vegna deilna stórveldanna og 1948 var lýst yfir stofnun Lýðveldisins Kóreu í suðurhlutanum og Alþýðulýðveldinu í norðurhlutanum.⁸




Mynd 1. Elstu jang og jin merkin fundust í Kóreu árið 1882.

Elsta merki jin og jangs fannst í Kóreu í lok 19 aldar, eða 1882. Á þeim tíma var ekki til neinn fáni í Kóreu og segir sagan að *Young-Hyo Park* hafi fyrstur komið með þá hugmynd að kóreski fáninn bæri merkið jin og jang. Á þessum tíma var Kórea undir miklum áhrifum japanska, kínverskra og rússneskra landnema sem eflaust hafði einhver áhrif á útlit og merkingu fánans.

Í huga kóreubúa er merking fánans innblástur og stolt, enda merking fánans djúpstæð og byggð á aldargamalli speki. Þegar *Yi* konungsættin leið undir lok árið 1909 hernámu Japanir Kóreu. Japanir gerðu ítrekaðar tilraunir með hörku og ofbeldi til að útrýma öllu því sem átti uppruna til Kóreu og þjóðarinnar, þar á meðal taekwondo. Sjálfsvartæknin var stunduð í algerri leynd sem hélt þannig lífi og er því til í dag. Þjóðarfáni Kóreumanna var falinn og ekki flaggað né notaður aftur fyrr en Kórea fékk aftur sjálfstæði árið 1945. Þjóðarfáni Kóreumanna er því tákn fyrir langa baráttu fyrir sjálfstæði og frelsi.

MERKING KÓRESKA FÁNANS

Merking Kóreska fánans hefur mikla heimspekilega merkingu og á uppruni hans og merking rætur sínar að rekja til speki „Eum-Yang“ á kóresku, eða jin og jang. Merking fánans táknar eitthvað sem er án allra takmarka eða eitthvað sem nær eins langt og hugsast getur. Óhætt er því að nefna hann hinn *takmarkalausi fáni*.⁹ Skitpa má fánanum upp í þrjá hluta (hvítan bakgrunn, blátt og rautt jang og jin merki fyrir miðju og fjögur þrílinutákn, öll sitt í hvoru horni fánans) sem þó eru mjög tengdir, sjá mynd 2.



Mynd 2. Kóreski fáninn eftir 1882.

Sterk tengsl eru á milli tákna fánans og taekwondo og er íþróttin byggð að hluta til á þeim heimspekilega grunni sem þessi tákn bera. Verður hvert tákn nú útskýrt, einkum í tengslum við taekwondo.

⁸ Íslenska Alfræðiorðabókin, II bindi, bls. 306.

⁹ „great extremes..

JANG OG JIN; HRINGUR Í MIÐJU FÁNANS

Flestir þekkja táknið á útliti og vita að merking þess eru andstæður, t.d. svart og hvítt, tungl og sól, vont og gott, þurrt og blautt, hart og mjúkt, plús og mínus, karlmaður og kvenmaður o.s.frv. Jang og jin táknið er einfalt í útliti en endurspeglar mjög djúpa og viðamikla merkingu.

Skilgreining á jang og jin er svohljóðandi:

“Jin og jang eru tveir aðalþættir tilverunnar samkvæmt austurasískum trúarbrögðum og heimspekinnar, einkum í taósið. Jang er hið karllega, bjarta, hlýja, kvika, frjógandi, miðfelna, útleitandi afl. Jin hið kvenlega, dimma, svala, rólynda, þiggjandi, miðlæga, innleitandi afl. Alheimurinn og allt sem lifir myndast og er til við samleik og víxláhrif jin og jangs.”¹⁰

Merkið jang og jin er fyrir miðju kóreska fánans sem talið er vera fullkomið, í jafnvægi og að þar sé algert samræmi. Stöðug hreyfing er innan hringins þar sem óendanleiki er ein eining. Blár litur í fánanum er jin, eða *Eum* á kóresku, og stendur fyrir neikvæðni og rauður er jang, *Yang* á kóresku, og táknar jákvætt.

Ævaform sýn er á gang veraldarinnar og samkvæmt henni er allt sem til er (himinn, jörð, menn, dýr og guðir) búið til úr sama grundvallarefninu „qi”. Kjarninn *qi* eru tveir gagnverkandi kraftar jang og jin.¹¹ *Li* mótar undirstöðu efnisins *qi* og taldi Konfúsíus að allir hlutir og mannlegt eðli hafi í sér fólgið skipulag.¹²

Í Kóreu bera heitin jang og jin einnig nafnið „*TaeGuk-ki*” sem stundum er kallað „*Taeguk*”. Einnig ber fáninn oft þetta heiti og í báðum tilfellum endurspeglar nafnið eða merking hugsunina „*I Ching*”, eða „*Yeok / JooYuk*” á kóresku. *Yeok* er bók sem skrifuð var af kínverjum fyrir þúsundum ára sem segir frá Kóreskri heimspeki um „*SamSin*”, guðina þrjá. Þar kemur fram að allir hlutir og atburðir eiga sér stað vegna krafta og hreifinga jang og jin.

Í taekwondo er jang táknað með vinstri hluta líkamans og byrja öll *taeguk* form á hreyfingu með vinstri hendi. Allar upphafshreyfingar byrja með varnarhreyfingu til tákns um frið og á eftir kemur árásarhreyfing á ímyndaðan andstæðing. Jin er táknað með hægri hluta líkamans og enda öll *tekuk* formin á árás til tákns um árás til sigurs.

Í taekwondo er mikið lagt upp úr því að ná stjórn á jafnvægi, samhæfingu og hugsun. Án hugsunar er erfitt að ná tökum á samhæfingu, án samhæfingar er erfitt að ná tökum á jafnvægi, án jafnvægis er erfitt að ná tökum á samræmingu.

Andleg líðan og andlegt jafnvægi hefur mikil áhrif á árangur og getu fólks í hverju sem það tekur sér fyrir hendur. Líkamlegur styrkur er jafn mikilvægur og andlegur og huglægur styrkur við notkun og iðkun taekwondo.

Andlegur hluti mannsins er andstæða við líkamlegan hluta mannsins, þar sem andlegt er ósýnilegt og ósnertanlegt en líkaminn er sýnilegur og snertanlegur. Jin er innra sviðið eða mýkri orka; tilfinningar, kærleikur og samúð. Jin er móðurhlutinn, sameinigarorka og hið fósturandi afl fyrir sköpun og heimilið. Jang er sterkari orka, karlmannshlutinn, og birtist í einhverju kraftmiklu, eitthvað sem upphæfur alla krafta. Með jang orku eru menn að sanna sjálfan sig. Jang er sköpunarorka en fjölga sér ekki. Persónuleikinn er jang, en æðra sjálfið er jin, sem birtist sitt á hvað, en þegar yfir lýkur þá þarf jang að elska það innra, jin. Jang þarf að sleppa tökum og leyfa jin að koma niður með kærleika og samúð.

Jin og jang halda jafnvægi og mynda sameiningu, eru gagnkvæmt útilokandi og háðir hvor öðrum til sköpunar.

¹⁰ Íslenska Alfræðiorðabókin, II bindi bls. 193.

¹¹ Trúarbrögð heimsins, bls. 200.

¹² Trúarbrögð heimsins, bls. 205.

ALHEIMSÁTTIRNAR FJÓRAR, ÞRÍLÍNUMYNSTUR Í HORNUM FÁNANS


Á kóreska fánanum eru fjögur þrílínumynstur og heita á kóresku „Kwe” sem tákna andstæður, jafnvægi, hreyfingu og samræmingu. Þrílínurnar eru ýmist samsettar af heilum línum eða brotnum línum sem tákna andstæðu en þó samverkandi öfl. Jin er táknað með brotinni línu og jang með óbrotinni línu. Kwe hefur fjögur grunn mynstur sem fáninn ber, þar sem;

Kun hefur þrjár óbrotnar línur og merkir himinn,

Yi hefur tvær óbrotnar línur og eina brotna og merkir eld,

Kam hefur eina óbrotna línu og tvær brotnar og merkir vatn og

Kon þar sem allar línur eru brotnar og merkir jörðin.



Mynd 3. Útskýringar á þrílínumynstrunum átta.

Til forna voru mynstrin notuð við spádómsathafnir, þar sem spákerfi jin og jangs byggist á samsetningu þessara átta þrílína. Þrílínunum er raðað í tvenndir í öllum hugsanlegum samsetningum og mynda alls 64 sexlínur. Talið er að þessar sexlínur tákni allar mögulegar aðstæður og umskipti í alheimi sem er stöðugt að breytast.

Hvert mynstur táknar mismunandi hreyfingu. Þar sem hver lína getur annað hvort verið brotin eða óbrotin er hægt að mynda átta mynstur út frá þremur línur, tveir í þriðja veldi gera átta mismunandi samsetningar. Ef tvö þrílínumynstur eru notuð saman (samtsals sex línur) er hægt að mynda 64 mismunandi samsetningar, þ.a. því feiri línur sem notaðar eru því feiri samsetningar af Kwe er hægt að mynda.

Einnig merkja þrílínumynstrin áttirnar fjórar (austur, vestur, suður og norður), eða fjögur svið, og jin og jang merkja miðjuna. Miðjan er átt eða „hér” sem jafnframt er talin fela í sér lóðréttu stefnurnar tvær, „upp og niður”. Þannig eru víddir alheimsins alls sex að tölu. Auk áttanna eru frumöflin (eða náttúruöflin) fimm; eldur, viður, málmur, vatn og mold (jörðin) sem eru grundvallarkraftar sem vinna saman. Höfuðáttirnar fjórar eru tengdar náttúruöflunum fjórum; austur eldinum, vestur vatninu, suður loftinu og norður jörðinni, (sjá nánar á mynd 3). Eldur og viður eru jang og málmur og vatn eru jin, jörðin er hlutlaus. Frumefnin fjögur og áttirnar fjórar mynda svo 360 gráðu hring þar sem hringrásin er endalaus. Meðal frumaflanna og áttanna eru guðir, dýr, tölur, plánetur, árstíðir og litir.

Einnig segir spekin að jin sé tunglið og jang sé sólin. Jörðin sé jin og skýin jang. Nóttin sé jin og dagurinn jang, veturinn jin og sumarið jang. Í raun eru jin og jang skyld eða tengd, þess vegna má segja að A sé jin m.t.t. B og þ.a.l. getur A verið jang m.t.t. C. Vorið getur verið jin m.t.t. sumarsins og einnig getur jang verið vetur m.t.t. haustsins.

VÍXLVERKUN

Í vestrænum heimi túlkum við ekki áhrif umbreytinga í umhverfi okkar vegna krafta jin og jangs heldur sem eðlilega hringrás náttúrunnar, t.d., hringrás vatns, koltvíoxíðs og niturs. Rétt eins og fæðukeðjur mannsins, grasæta, kjötæta, sundrenda, eða m.ö.o. um hringrás er að ræða þar sem einn hlekkur lifir á einum hlekk o.s.frv. Talað er um vistkerfi í hinum vestræna heimi, sem samanstendur af hitastigi, raka, vindi, umhverfsþáttum og skóginum. Vistkerfið er afar viðkvæmt; ef einum fæðuflokki er útrýmt er vistkerfið í hættu, því er nauðsynlegt að undirstaða kerfisins verði ekki fyrir skaða.

TAE-GUK FORMIN Í TAEKWONDO

Form eða *poomse* á kóresku er röð varnarhreyfinga og árása sem gerð er á móti ímynduðum andstæðingi eftir ákveðnu mynstri. Með því að æfa ákveðin form, læra taekwondo nemendur hvernig megi beita hinum ýmsu tegundum taekwondo. Form gegna margvíslegum hlutverkum, meðal annars við þróun og fágun samhæfingar, jafnvægi, tímasetningu, öndun og hrynjanda, en þetta eru allt nauðsynlegir eiginleikar til að geta stundað taekwondo. Á kóresku er *T'ae-guk* nefnt sem sameining sem skýrir hugtakið *Tae-guk*. Öll átta *tae-guk* formin eða mynstrin eru kölluð *Pal-gwe*, eða t.d. *Taeguk/Palgwe Il Jang*, sem er fyrsta formið.

Í taekwondo eru átta form sem byggð eru á átta *Kwe* grunnmynstrum, ef tekin eru tvö skref, eða gerðar eru tvær aðgerðir, hefur heil lína verið mynduð en ef eitt skref er tekið er búið að brjóta línuna (sjá þrílínumynstrin á mynd 3). Ekkert form hefur því sama munstur.

Taekwondo-ti kerfið, eða beltakerfi taekwondo, byrjar á 9-geup og endar í 9-dan. Níu er summa hina fimm þátta, himinhvolfsins jarðarinnar, jin og jang. *Geup* kerfið í taekwondo fer úr 9 í 1, en dan-kerfið upp frá 1 upp í 9. Það er ekki að ástæðulausu að formin byrji og endi á tölunni 9, talan 9 er hæsta talan í tugakerfinu og er því ekki hægt að komast lengra eða hærri.

Þetta kerfi grundvallast á hinum austræna skilningi að allt líf komi af himnum ofan og rísi aftur upp eftir lífið á jörðinni til uppruna síns. Taekwondo kerfið er hinsvegar hannað eftir grundvallarkerfinu *Ohaeng*. Þeir sem það stunda geta öðlast innri *ki* (orku) með því að safna og útdeila orku innan líkamans.

HEIMSPEKILEG MERKINGBELTAKERFISINS „TI”

Í skiptingu líkamans, höfuð, fætur og mitti, er mittið í miðjunni. Með því að setja á sig beltið (mittisbelti sem þýðir „*horitti*” eða „*yodae*”) sýnir taekwondo iðkandi fram á viljan til að skipuleggja sjálfan sig og framkomu sína. Við taekwondo æfingar er beltið *ti* nauðsynlegt ásamt treyju og buxum. Þannig er það hluti af þrenningunni; treyja, buxur og belti. *Ti*, er skipt í þrjá flokka, eftir frama eða eins og um einkennisbúning væri að ræða. Einnig er beltakerfinu skipt í þrjá litaflokka, þ.e. litað belti, púm-belti og svart belti. Í austrænni heimspeki er þrenningin lögð til grundvallar alheimsins sem er samsettur af himinhvolfinu, jörðinni og fólkinu. Þetta er uppspretta alls lífs. Þrenningarhugtakið er nauðsynlegur hluti af *Ch'onbugyon*. Kóreubúar telja þó fólkið verðmætast. Þessi heimspeki birtist í einkennisbúningi taekwondo, þar sem treyjan er himinhvolfið, buxurnar er jörðin og beltið einstaklingurinn. Einstaklingurinn, eftir trú kóreubúa eða í skilningi kóreubúa, er eins og lítill alheimur. *Ti* getur verið með fimm liti; hvítt, gult, blátt, rautt og svart. Aðal litirnir eru þó gult, blátt og rautt. Hvíti og svart liturinn eru tákn fyrir heimspekina um jang og jin, sem

tákna sólina og tunglið, dag og nótt, upphaf og endi. Þýðingu litanna fimm er að finna í kenningunni um jang og jin (*Um-yang Ohaeng Sol*).

Jang og jin táknið er undirstaða heimsreglu sem er undirstaða alls lífs sem bærst á jörðinni. *Um-yang Ohaeng Sol*, samanstendur af kenningunni um jang og jin (*Um-yang*) sem lýsir jafnvæginu milli jin og jang, en kenningin um *Ohaeng Sol* lýsir fæðingu og dauða alls lífs fyrir tilhlutann hina fimm þátta eins og elds, vatns, viðar, málms og moldar (frumefnin fimm). Áttirnar, norður, suður, austur, vestur og miðjan eru kallaðar *Obangsaek*. Í mannslíkamanum eru þessir fimm þættir, hjartað, nýrun, lungu, lifur og miltað. Litirnir fimm í taekwondo búningnum eru grundvallaðir á *Ohaeng-ogi*. Þessir litir eru einnig mikið notaðir í hönnun og byggingum og klæðum kóreubúa.

Hin fimm birtingarform orku (*ogi*) er hægt að þróa. *Ki* er eilíf uppspretta nýs lífs. Með því að binda beltið um mittið, vefja það tvo hringi, mætast endarnir á maganum í hnút sem kallast *Tanjon*. Beltið mun síðan mynda þríhyrning til að ljúka eða enda hnútinn. Lögun þríhyrningsins táknar heild einstaklingsins. Tákn þessarar athafnar er að safna allri orku, innri sem ytri, í hnútinn (*Tanjon*), þ.a. sá sem stundar íþróttina geti notað orkuna (*ki*) til fulls.¹³

ÆFINGARSTAÐUR EÐA „DOJANG“

Eftir hefðinni þýðir *dojang* staður uppvakningar. Með iðkun taekwondo er verið að æfa söfnun og dreifingu orku með tækni, þróa innri orku til að skapa frið og reglu með sjálfsvitund og að lokum ná fullri upplýsingu, hitta loksins fyrir hið „stóra sjálf“. Það er nauðsynlegt fyrir taekwondo iðkendur að hugsa vel um búning sinn (*dobok*), iðkunin krefst strangra umgengnisreglna og virðingar fyrir æðri beltum. Þeim mun meiri virðing sem iðkandinn ber fyrir sínu beltinu þeim mun einbeittari verður iðkandinn í þjálfun sinni, sem mun leiða iðkandann til meiri sjálfsupplýsingar.¹⁴

HVÍTUR BAKGRUNNUR FÁNANS

Hvíti liturinn í kóreska fánanum táknar frið en það gerir merkingu litarins almennt. Einnig merkir hvíti liturinn hreinleika kóresku þjóðarinnar sem hafði elskað að vera í hvítum fötum. Þess vegna hefur kóreska þjóðin verið kölluð „hvíta-ský þjóðin“. Hvítur litur merkir hreinleika, réttlæti, mannkynið og frið eða eitthvað sem er ósnert.

Byrjandi byrjar með hvítt belti sem hefur mikla þýðingu í Kóreu. Þegar *Tangun*, sem var sonur *Hwanung*, stofnaði Kóreu undir nafninu *Choson*, var nafnið táknrænt fyrir tilbeiðslu sólarinnar sem táknaði birtu. Hvíti liturinn þýðir fæðingu eða upphaf (frum uppsprettan) og er miðja grunnlitanna þriggja. Hann táknar upphaf jafnt sem lok, hin endalausa hringrás lífs og dauða. Gult táknar nýja fæðingu, blátt táknar endurfæðingu, rautt táknar ástríðu og svart fullkomnun, eða verklok. Beltalitirnir fimm tákna hina formlegu þjálfun sem lýkur með fullkomnun hins stóra sjálfs.

¹³ <http://www.myhome.elim.net>

¹⁴ <http://www.myhome.elim.net>

KENNIFRÆÐIN ÞRENN

Um þúsundir ára hefur menning Kóreu mótast af ýmsum trúarbrögðum eða speki svo sem konfúsíusarhyggju, taósið og búddasið sem nefnd eru „kennifræðin þrenn“. Trúarbrögð kóreumanna byggist á tveimur undirstöðuatriðum; *alheimurinn er heilagur og allir þættir hans eru tengdir innbyrðis*.¹⁵ Helstu trúarflokkar í Suður-Kóreu í dag eru búddhatrúarmenn 20%, mótmælendur 16%, rómversk-kaþólskir 5% og 57% eru utan trúarflokka.¹⁶

KONFÚSÍUSARHYGGJA

Konfúsíusarhyggja er samfélagssiðfræði sem styðst við hefðir lénssamfélagsins og grundvallast á feðraveldi og hlýðni við yfirboðarann, eða „*þegninn hlýðir furstanum, eiginkonan eiginmanninum og hinir yngri þeim eldri*“. Einnig í sambandi foreldris og barns, einkum föður og sonar, og eru þessi tengsl dregin saman í dygðinni *xiao*, kærleika barns til foreldris. Konfúsíusarhyggja hefur mótað menningu og hugsunarhátt og nýtur mikillar og vaxandi virðingar í Kóreu.¹⁷ Til eru ýmis ták, eða blekstimplar (myndir), sem lýsa speki konfúsíusar og hafa þau notið vinsælda um aldaraðir og sum þeirra orðið að sjálfstæðri grein í heimi myndlistar. Merking eins þeirra er t.d. „*ver kurteis, örlátur, einlægur, iðinn og miskunnsamur*“ og annars t.d. „*leggðu ekki á aðra menn það sem þú vilt ekki að lagt sé á þig*“.

TAOSIÐ TAÓ, HIN ÓMEÐVITAÐA ÞEKING

Taó, hin ómeðvitaða þekking, er aldargömul speki austurlanda. Taó er í raun og veru hagnýt heimspeki sem staðist hefur tímans tönn. Hver er viska taóisins? Margir fræðimenn álíta að tilveran sjálf sé grundvallaratriði taóismans og þá sérstaklega sú tilvera sem byggist á veikleika fremur en styrk. Taó speki er fyrir alla, fátæka jafnt sem ríka, ráðamönnum jafnt þeim sem eru valdaminni. Ritið má túlka á ýmsa vegu, sem hvatningu, þrá, uppbyggingu, innblástur, leið, aðferð, hugmynd, grundvallaratriði, kerfi, kenningu, reglu eða heildstæðann veruleika innan alheimsins. Túlka má taó frekar sem reynslu en hugsun. Það er í eðli sínu of yfargripsmikið og víðfemt til að hægt sé að lýsa því í einu orði á vestrænum tungumálum. Það er því erfitt fyrir vestræna hugsun að skilja merkingu orðsins taó. Taó er upplifun vegarins, hins eiginlega raunveruleika sem allt sprettur af. Til að höndla þennan veruleika einbeittu heimspekingar taó sér að velferð einstaklingsins, jafnvægi innan þjóðfélagshópa og aðferðum til að þroska vitundina á sem áhrifaríkastan hátt.

Speki Taóisins

„Því fleira sem til er af vopnum, því meira verður um óeirðir í landi.“

„Því meira verður um þjófa og ræningja, sem lög og fyrirskipanir eru fleiri.“

„Hinn vitri er laus við sjálfshælni, og þess vegna er hann vitur.“

„Sá sem reynir að stjórna með hyggindum, verður harðstjóri, en hinn sem stjórnar án hygginda, verður til blessunar.“

BÚDDASIÐUR

Búddasiður dregur nafn sitt af *Siddhartha Gautama* sem var tignaður af lærisveinum sínum sem buddha eða „hinn uppljómaði“. Búddasiður hefur haft djúpstæð áhrif á trúarlíf og þróun menningar í Kóreu. Kjarni búddasiðar er persóna Búdda. Hann var af indverskri furstaætt en afneitaði lífi konunglegra lystsema til að leyta lausnar frá *Samsara*, hinni eilífu hringrás lífs og dauða

¹⁵ Trúarbrögð heimsins, bls. 200.

¹⁶ Íslenska Alfræðiorðabókin, III bindi bls. 339.

¹⁷ Íslenska Alfræðiorðabókin, II bindi bls. 299.

og endurfæðingar. Í grundvallaratriðum einkennist hann af jarðnesku raunsæi og hagnýti.¹⁸ Tantrasiður í búddatrú notar táknræna alheimsmýnd, *Mandölu*, sem er höll guðanna. Höllin hefur fjóra garða þar sem fram fara fjórar trúarathafnir; athöfn rósemdar (á hvítum reit í austri), athöfn eflingar (á gulum reit í suðri), athöfn yfirráða (á rauðum reit í vestri) og athöfn tortímingar (á grænum reit í norðri). Í hallarmiðjunni, himinblá að lit, er staður hinnar æðstu uppljómunar.

NOTKUN ÞJÓÐARFÁNANNA Í TAEKWONDO

Hvert félag hengir upp Kóreska fánann og sinn þjóðarfána í þeim íþróttasal þar sem listin er iðkuð. Í upphafi og lok hverrar æfingar votta iðkendur viðingu sína fyrir fánunum. Hvort sem kalla megi þetta hefð eða reglu stendur hún fyrir sínu og sendir ákveðin skilaboð til iðkenda og kennir þeim og minnir á uppruna þeirra sjálfra og íþróttarinnar. Einkennir þessi háttur íþróttir eða listir sem eiga rætur sínar að rekja til austurlanda, en þaðan er þessi hefð komin.

Á mismunandi hátt hneigja iðkendur sig fyrir fánunum og er ástæðan einkum sú hverrar trúar lærimeistari hvers yfirþjálfara er, annarsvegar hneigja iðkendur sig fyrir fánunum og hinsvegar er hægri hönd sett á brjóst og iðkendur lúta höfði og loka augum. Að hneigja sig fyrir dauðum hlutum er andstætt Lútherskri trú og fellur undir skurðgoðadýrkun. Meistari eða kennari yfirþjálfara Fjöltnis er því ekki í Lútherskri trú þó svo að meistari¹⁹ félagsins noti þær aðferðir.

Ekki telst æfing hafa byrjað né endað fyrr en allir hafa hneigt sig fyrir fánunum, hvort sem æfing á sér stað í íþróttasal eða ekki. Ef þessari reglu er sleppt er um frjálsa æfingu að ræða og er því vikið frá þessari reglu.

¹⁸ Trúarbrögð heimsins, bls. 164.

¹⁹ Master Park, Kyung S.

NIÐURLAG

Fánar eiga sér mislanga sögu sem byggðar eru á speki, trúarbrögðum, baráttu, byltingu, goðsögnum eða náttúru. Kóreski fáninn er rúmlega aldargamall og merking hans djúpstæð í huga kóreubúa. Taekwondo er hinsvegar margra tuga ára gömul list sem hefur þróast með tímanum. Í þeirri mynd sem taekwondo er í dag eru tengsl á milli merkingu fánans og grunnur listarinnar byggður á heimspekilegum fræðum sem teygir anga sína og áhrif víða um heim og margar þjóðir og trúarsíðir aðhyllast.

Merking fánans er í raun takmarkalaus og því er hægt að grafa mun dýpra í þau áhugaverðu fræði sem austurasísk heimspeki og goðsagnir hafa. Skipan veraldar og uppbygging alheimsins er byggð á speki jang og jin, náttúruöflum og áttum sem tákna allar mögulegar aðstæður og umskipti í alheimi sem er stöðugt að breytast. Spekin segir að allt lífríki, himinhvolfið, alheimurinn, æðri verur, guðir, frumefni og mannlegt eðli sé búið til úr sama grundvallarefninu *qi*. Allir hlutir og atburðir eiga sér stað vegna krafta og hreifinga jang og jin.

Í raun má segja að jang og jin þurfi að verða ástfangið, þar sem ástin er óeigingjörn. Mátturinn að elska sjálfan sig af öllum mætti og óeigingjarnt, ást sem er óskilyrt, að elska eins og það er, ótakmarkað. Ef þú elskar skaparann af öllu hjarta þá elskar þú sjálfan þig og allt í kringum þig. Því má segja að persónuleiki mannsins sé mesti óvinurinn en gefur okkur mestu reynsluna og tækifærin. Persónuleikinn sækir reynslu sem við sækjumst eftir.

Himintunglin eru persónugerð þar sem sólin, jang, er faðirinn og tunglið, jin, er móðirin. Afkvæmi þeirra eru áttirnar, frumefnin og náttúruöflin sem eru grundvallarkraftar og vinna saman. Þau eru einnig persónugerð þar sem hvert afkvæmi hefur mismunandi eiginleika sem nauðsynlegt er að allir iðkendur taekwondo þurfa að tileinka sér og ná tökum á, yfirstíga takmarkanir og hindranir. Með því að æfa formin í taekwondo fæðist lærdómur á mörgum sviðum þar sem formin gegna margvíslegum hlutverkum sem eru undirstaða og eiginleikar.

Beltakerfi taekwondo er fróðlegt og einnig byggð á heimspekilegum grunni austurlanda. Eftir trú kóreubúa er einstaklingurinn lítill alheimur og einn af þrenningunni. Einstaklingurinn er beltið *ti* sem myndar þríhyrning og lokar honum sem tákna heild einstaklingsins. Hnútur beltisins myndar þríhyrning sem tákna heild þess einstaklings sem stundar taekwondo. Sá sem stundar taekwondo safnar innri og ytri orku, þróar hana með skipulagningu, aga, virðingu, kærleika, samúð, hugsun, þjálfun, samræmingu, sameiningu og einbeitingu. Að lokum getur einstaklingurinn notað orkuna til fulls.

Beltakerfi taekwondo hefur því ekki eingöngu þýðingu í heimspekilegum skilningi listarinnar heldur einnig sem lífsstíl. Það er því aldrei hægt að leggja of mikla áherslu á hversu mikilvægt það er að þróa viðeigandi síði og hugsun til þess að ná lokatakmarki taekwondo þjálfunarinnar.

HEIMILDASKRÁ

Ritaðar heimildir:

Bókaútgáfan Örn og Örlygur. (1990). *Íslenska alfræðiorðabókin*. Önnur prentun. Offset Planodrukkerji Antwerpen, Belgiu. ISBN 9979-55-000-7.

Lewis, Peter. (2001). *The Martial Arts, origins, philosophy, practice*. 3rd. Ed. Creative Print & Design Ltd., Wales. ISBN 1 85375-206-1.

Henry Cho, Shihak. (2000). *Tae Kwon Do, secrets of Korean Karate*. 9th. printing. USA. ISBN 0-8048-1704-9.

Willis, Dr. Roy. (1998). *Goðsagnir heimsins*. 1st. Edition. Mál og menning. Imago, China. ISBN 9979-3-1689-6.

D. Coogan, Michael. (1999). *Trúarbrögð heimsins*. 1st. Ed. Mál og menning. Imago, China. ISBN 9979-3-1860-0.

Schama, Simon. (1995). *Landscape & Memory*. 1st. Edition. HarperCollons Publisher. Bath Press, Great Britain. ISBN 0-00-686348-5.

Forlagið. (1994). *Speki austurlanda*. Fyrsta útgáfa. Labyrinth Publishing (UK) Ltd. L.E.G.O. ISBN 9979-53-237-8.

Internetið:

<http://www.barrel.net>

<http://www.myhome.elim.net>

<http://www.geocities.com>